

**Nd.**

**758. Breytingartillögur**

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að verjast tekjuhalla á árinu 1936 skal ríkisstjórninni heimilt að afla rikissjóði tekna með háskatti á tekjur manna, eins og fyrir er mælt í 2. gr., og með nýjum tollum á aðfluttar vörur, eins og fyrir er mælt í 3. gr.

2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Árið 1936 skal tekjuskattur lagður á eftir þeim skattstiga o. s. frv.

3. Við 3. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Árið 1936 skal innheimta gjald til rikissjóðs o. s. frv.

b. Á eftir orðunum „varahlutir til mótorvéla“, í næstsíðustu málsgrein greinarinnar, bætist: vélar og áhöld allskonar til nýs atvinnurekstrar.

4. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um háskatt og um sérstakan innflutningstoll.